

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 2016 í máli nr. E-123/2011:

**Pb. Milestone ehf.**

*(Grímur Sigurðsson hrl.)*

**gegn**

**Pb. Sáttis ehf.**

*(Helgi Sigurðsson hrl.)*

**Guðmundi Ólasyni**

*(Helgi Sigurðsson hrl.)*

**Karli Emil Wernerssyni**

*(Ólafur Eiríksson hrl.)*

**Steingrími Wernerssyni**

*(Sigmundur Hannesson hrl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 25. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af þb. Milestone ehf., Borgartúni 26, Reykjavík, á hendur Sáttum ehf., Asparhvarfi 20, Kópavogi, Karli Emil Wernerssyni, Engihlíð 9, Reykjavík, Steingrími Wernerssyni, Bretlandi, og Guðmundi Ólasyni, Asparhvarfi 20, Kópavogi, með stefnu birtri 8. og 9. nóvember 2010. Bú Sáttis ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 26. október 2011.

Endanlegar dómkröfur stefnanda, þb. Milestone ehf., eru þær að hann krefst þess að stefndu greiði óskipt (in solidum) stefnanda 346.350 EUR, 419.229 CHF, 28.046.557 JPY og 134.445 USD ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 4. júní 2007 til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndu verði gert að greiða stefnanda óskipt málskostnað.

Endanlegar dómkröfur allra stefnda eru þær að þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og hver um sig krefst málskostnaðar úr hans hendi.

## I

Mál þetta, ásamt nokkrum öðrum riftunarmálum stefnanda, var höfðað í nóvember 2010. Flestum þessara mála er þegar lokið. Rétt er þó í upphafi að gera grein fyrir þeim breytingum sem hafa orðið frá því að málið var þingfest.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar í málinu nr. 614/2011 frá 7. desember 2011, Protabú Milestone ehf. gegn Karli Emil Wernerssyni, eða í þinghaldi 20. desember 2011, féllu þeir stefndu, sem gerðu kröfu um frávísun málsins í greinargerðum sínum, frá þeirri kröfu. Við upphaf aðalmeðferðar féll stefndi, þb. Sáttis ehf., frá frávísunarkröfu á dráttarvaxtakröfu. Þá féll hann einnig frá þeirri málsástæðu sinni

að um ólögmætt erlent lán væri að ræða.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 578/2015 Karl Emil Wernersson gegn þb. Milestone ehf. og gagnsök, var komist að þeirri niðurstöðu að ósannað væri að Milestone ehf. hefði orðið ógjaldfært áður en Fjármálaeftirlitið tók yfir vald hluthafafundar í Glitni banka hf. 7. október 2008 og skilanevnd var skipuð. Ekki lægi annað fyrir í málinu en að fram til þess tíma hefði Milestone ehf. staðið í skilum við lánardrottna sína. Þá taldi Hæstiréttur að endurgreiðslukrafa þrotabús Milestone ehf. væri svo vanreifðuð að vísa yrði henni frá héraðsdómi, sbr. d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 579/2015 Karl Emil Wernersson gegn þb. Milestone ehf. reyndi á hvort unnt væri að rifta endurgreiðslu stefnanda til Karls Wernerssonar. Hann hafði veitt félaginu lán 29. ágúst 2008 en endurgreiðslan átti sér stað 13. nóvember sama ár. Ágreiningslaust var að þegar endurgreiðslan fór fram var Milestone ehf. orðið ógjaldfært. Talið var að þegar litið væri til stöðu Karls hjá félaginu og þeirrar þekkingar sem hann bjó yfir um fjárhagsstöðu þess á þeim tíma er lánið var endurgreitt, hefði greiðslan falið í sér ótilhlýðilega mismunun á kostnað annarra kröfuhafa búsin, sbr. 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Var krafa þb. Milestone ehf. því tekin til greina.

Stefnandi hefur fallið frá öllum málsástæðum er komu fram í stefnu nema eftirfarandi:

1. Lánveiting til stefnda Sáttis ehf. 4. júní 2007 var ólögmæt skv. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkamálafélög og því hvíli endurgreiðsluskylda á stefndu auk þess sem þeim beri að greiða stefnanda dráttarvexti.
2. Stefndu beri sameiginlega að greiða stefnanda skaðabætur vegna lánveitingar Milestone ehf. til stefnda Sáttis ehf. 4. júní 2007 á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar, einkum sakarreglunnar og 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Stefndu hafa breytt dómkröfum sínum og fallið frá málsástæðum til samræmis við málsgrundvöll þann sem stefnandi hefur nú lagt. Þó byggja stefndu á að skaðabótakrafan sé fyrnd og vísa til ummæla í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 614/2011 og bókunar á dskj. 88, þar sem stefnandi tilgreinir málsástæður sínar gegn því að krafan sé fyrnd.

Varðandi samningu dómsins er vísað til e-liðar 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð einkamála með síðari breytingum en samkvæmt því ákvæði skal málsástæðna einungis getið að því leyti sem þörf krefur til úrlausnar á málinu. Stefnandi beinir endurgreiðslukröfunni að stefnda, þb. Sáttis ehf. og skaðabótakröfunni á hendur öllum stefndu.

## II

Milestone ehf. var stofnað í mars 1988 og hét þá Deiglan-Áman. Í upphafi ársins 2004 var félagið sameinað Apóteki Austurbæjar ehf., Vesturbæjarapóteki ehf. og Ísranni ehf. Nafninu var í kjölfarið breytt í Milestone. Umsvif félagsins jukust mikið á árunum 2005-2007. Félagið átti m.a. stóra hluti í Glitni banka hf., Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og Lyfjum og heilsu, auk þess sem félagið keypti á fyrri hluta ársins 2007 sænska félagið Moderna Finance AB.

Milestone ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 2009.

Skiptastjóri lét fara fram rannsókn á fjárreiðum þrotabúsins. Rannsóknin var framkvæmd af Ernst & Young. Í skýrslu Ernst & Young kemur fram að stefndi, Sáttur ehf. fékk hinn 4. júní 2007 lán að fjárhæð 100.000.000 kr. frá Milestone ehf. Vextir lánsins voru LIBOR-vextir + 2,5%. Gjaldddagi lánsins var 31. desember 2009. Þá voru hvorki settar tryggingar fyrir láninu né lántökugjald greitt. Lánið var í erlendum myntum og skiptist höfuðstóll lánsins þannig:

<u>Gjaldmiðill</u>	<u>Upphæð í ISK</u>	
EUR	346.350	40.000.000
CHF	419.229	30.000.000
JPY	28.046.557	20.000.000
USD	134.445.	10.000.000

Er lánið var veitt var Sáttur ehf. hluthafi í Milestone ehf. og Guðmundur Ólason, eigandi Sáttis ehf. var framkvæmdastjóri Milestone ehf. Ritar hann undir skuldabréfið fyrir hönd beggja aðila, það er lántakanda og lánveitanda. Stefndu kveða að tilgangur með lánveitingunni hafi verið sá að gefa Sáttum ehf. kost á hlutabréfakaupum í dótturfélagi Milestone ehf. Kaupin hafi verið gerð í gegnum Lokkadís ehf., og Sáttur ehf. hafi lagt lánsfé á móti lánsfé frá Glitni banka hf. Þá kveða stefndu að lánveitingin hafi verið sambærileg til annarra starfsmanna.

Hinn 9. júlí 2010 var kröfubréf sent og var höfuðstóll lánsins 160.537.600 kr. Miðað var við gengi erlendu gjaldmiðlanna við dagsetningu kröfubréfsins.

Sáttur ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 26. október 2011.

Stefnandi telur lánið til stefnda, Sáttis ehf. vera ólöglegt samkvæmt 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og beinir endurgreiðslukröfu á hendur stefnda þrotabúi Sáttis ehf. og skaðabótakröfu á hendur öllum stefndu.

### III

Í fyrsta lagi gerir stefnandi kröfu um endurgreiðslu lánsins og vísar til 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þau lög setji ströng skilyrði fyrir því hvernig félag megi úthluta fjármunum til hluthafa og stjórnenda félagsins. Megintilgangurinn með þessum ströngu skilyrðum sé að auka vernd kröfuhafa. Úthlutun fjármuna til hluthafa sé þannig eingöngu heimil þegar hún sé framkvæmd með arðsúthlutun, við lækkun hlutafjár, með greiðslu úr varasjóði og við félagsslit, sbr. 73. gr. ehfl. Samkvæmt 79. gr. ehfl. sé einkahlutafélagi ekki heimilt að veita hluthöfum eða stjórnarmönnum lán. Bannið nái þó ekki til „venjulegra viðskiptalána“. Þetta ákvæði eigi ekki við um lán Milestone ehf. til stefnda, enda voru engar viðskiptalegar forsendur fyrir þeim lánum og ekki eiginlegt viðskiptasamband á milli stefnda, Sáttis ehf. og Milestone ehf. Stefndi, Sáttur ehf., ber sönnunarbyrðina fyrir því að lán til hans hafi verið venjulegt viðskiptalán.

Þá var lánið ekki Milestone ehf. til framdráttar. Svo virðist sem félagið hafi ekki haft neinn hag af lánveitingunni og félagið hafði enga tryggingu fyrir því að lánið yrði greitt til baka. Þá séu önnur skilyrði og kjör lánanna ekki sambærileg þeim sem viðgangast á almennum lánamarkaði enda verði t.d. ekki séð að lánin hafi verið á almennum kjörum. Lán sem þessi voru ekki hluti af starfsemi Milestone ehf. og félagið hafði aldrei veitt slíkt lán til venjulegra, ótengdra viðskiptamanna. Forsendur lánsins voru þannig ekki viðskiptalegar og hagsmunir Milestone ehf. réðu ekki för heldur hagsmunir stefnda, Sáttis ehf.

Hinn 4. júní 2007 var eigandi Sáttis ehf. Guðmundur Ólason framkvæmdastjóri Milestone ehf. Sáttur ehf. átti á þessum tíma hlut í Milestone ehf. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, var félaginu þar með óheimilt að veita stefnda lán og stefnda óheimilt að taka við greiðslunum. Lán félagsins til stefnda voru þannig ólögmet og stefndu ber að greiða lánið til baka með dráttarvöxtum samkvæmt 4. mgr. 79. gr. laganna.

Krafa um endurgreiðslu ólögmet láns sé ekki riftun samkvæmt XX. kafla gþl. enda sé ekki verið að hnekkja ráðstöfunum, sem við venjulegar kringumstæður væru löglegar. Með kröfu þessari sé stefnandi að hnekkja ráðstöfun sem sé beinlínis ólögleg og ógild. Skiptir gjaldþrot Milestone ehf. engu máli hvað það varðar. Þá séu engir tímafrestir fyrir endurheimtu félagsins í 79. gr. ehfl. Þar sé aðeins kveðið á um að endurgreiða skuli ólögmet lán með dráttarvöxtum. Milestone ehf. eignaðist kröfu um endurgreiðslu lánanna um leið og þau voru veitt og þrotabú Milestone ehf. tók við þeirri kröfu við úrskurð um gjaldþrot, sbr. 1. mgr. 72. gr. gþl.

Með vísan til alls framangreinds telur stefnandi að lán Milestone ehf. til stefnda, Sáttis ehf. 4. júní 2007 hafi verið ólögmett lán í skilningi 79. gr. ehfl. og

krefst endurgreiðslu þess með dráttarvöxtum eins og tilgreint er nánar í dómkröfum. Dráttarvaxtakrafa byggist á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 og 4. mgr. 79. gr. ehfl.

Varðandi skaðabótakröfu sína hafnar stefnandi því að hún sé fyrnd. Í bókun stefnanda, sem lögð var fram 20. desember 2011, komu fram málsástæður varðandi málshöfðunarfræstinn samkvæmt brottföllu ákvæði 110. gr. laga nr. 138/1994.

Stefnandi telur að 110. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög komi ekki til álita í málinu þegar af þeirri ástæðu að ákvæðið var felld brott áður en mál þetta var höfðað. Verði hins vegar litið svo á að brott fallið ákvæði 110. gr. komi mögulega til skoðunar þá telur stefnandi engu að síður að málshöfðunarfræstur ákvæðisins nái ekki til þeirrar kröfu sem gerð sé í málinu, enda hafi krafan byggst á refsiverðum verknaði, en slík tilvik hafi verið undanskilin fræstinum. Þá telur stefnandi að háttsemin sem málið byggist á falli að minnsta kosti undir atvikulýsingu refsíákvæðanna í 2. tl. 127. gr., sbr. 79. gr. laga um einkahlutafélög.

#### IV

Í málinu er fjórum aðilum stefnt. Gerð er grein fyrir málsástæðum þeirra í einu lagi enda eiga þeir samstöðu í málinu.

Stefndi, þb. Sáttis ehf., byggir á því, að lánveiting til Sáttis ehf. 4. júní 2007 hafi verið lögmæt. Bann 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög taki ekki til starfsemi Milestone þar sem því verði ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir. Milestone var eignarhaldsfélag sem átti að langstærstum hluta eignir í fjármálafyrirtækjum og Invik var skilgreind sem fjármálasamsteypa (e financial conglomerate) í skilningi tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2002/87/EC. Þá stóð til að skilgreina Milestone með sama hætti um leið og tilskipunin yrði innleidd hér á landi.

Verði talið að beita skuli ákvæðum 1. og 2. mgr. 79. gr. laganna byggir stefndi á því að lánveitingin til Sáttis ehf. hafi verið lögmæt á grundvelli greinarinnar. Lánið var veitt á eðlilegum kjörum í eðlilegum tilgangi á sama tíma og lán voru veitt til félaga í eigu annarra starfsmanna í sama tilgangi. Var því um að ræða eðlilegt viðskiptalán í skilningi 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Lánveitingin til stefnda, Sáttis ehf., var jafnframt lögmæt á grundvelli 3. másl. 2. mgr. 79. gr. Sé þar skýrlega kveðið á um að bann við lánum til að fjármagna hluti í félagi eigi ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags. Lánveitingin var liður í kaupum starfsmanna á hlutum í félaginu. Lánið var auk þess mjög óverulegt líkt og önnur lán til starfsmanna á sama tíma.

Stefndi mótmælir því að endurgreiðslukrafa geti byggst á 5. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Lánveitingin var ekki í andstöðu við 1. og 2. mgr. greinarinnar.

Það var ákvörðun stjórnar Milestone að selja hluta af hlutabréfum félagsins í Öskum Capital til nokkurra hlutafélaga í eigu lykilstarfsmanna samstæðunnar. Eitt af þeim félögum var Sáttur ehf. Aldrei var um eiginlegar peningagreiðslur að ræða heldur greiddu félögin fyrir hlutabréfin með útgáfu skuldabréfa. Tjón vegna þessara viðskipta varð því ekkert. Samningar um kaupin byggðust alfarið á ákvörðun stjórnar Milestone sem heimilaði gjörninginn. Stefndi byggir á því að greiðsluskylda samkvæmt 5. mgr. 79. gr. geti einvörðungu tekið til þeirra sem bera ábyrgð á ákvörðuninni.

Þá er upphafsdegi dráttarvaxta mótmælt sem ósönnuðum og órökstuddum og vísað til þess að hann geti ekki miðast við útgreiðslu lánsins, þar sem 79. gr. eigi ekki við.

Varðandi skaðabótakröfu stefnanda byggja allir stefndu sýknukröfu sína á því fyrir dómi, að sú krafa sé fallin niður vegna fyrningar. Í greinargerðum sínum töldu stefndu, Karl og Steingrímur Wernerssynir og Guðmundur Ólason, að vísa ætti málinu frá þar sem málshöfðunarfréttir 110. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 væri liðinn. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 614/2011 sé um efnisatriði að ræða.

Skaðabótakrafa stefnanda byggist á ætlaðri ólögumætri lánveitingu til Sáttis ehf. í júní 2007. Um skaðabótaábyrgð stefndu fer skv. XV. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Um sé að ræða almenna skírskotun laganna til almennra reglna skaðabótaréttar og verður ætluð ábyrgð stefndu því ekki reist á þeim síðarnefndu án þeirra fresta sem kveðið sé á um í greininni. Á þeim tíma sem atvik máls þessa áttu sér stað var í gildi 110. gr. laga um einkahlutafélög, en hún hljóðaði svo:

„Skaðabótamál þau sem um ræðir í 1.–2. mgr. 109. gr. skal höfða nema krafan byggist á refsiverðum verknaði:

a. gegn stofnendum innan tveggja ára frá því að ákvörðun um stofnun félags var tekin;

b. gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, svo og rannsóknarmönnum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð.

c. gegn endurskoðendum eða skoðunarmönnum innan tveggja ára frá því að endurskoðun lauk og endurskoðunarskýrsla eða yfirlýsing var lögð fram.

Mál skv. 3. mgr. 109. gr. skal höfða í síðasta lagi þrem mánuðum eftir að félagið hefur verið úrskurðað gjaldþrota.“

Það atvik sem skaðabótakrafa stefnanda byggist á, átti sér stað 4. júní 2007. Frestur samkvæmt 110. gr. einkahlutafélaga rann því út í lok árs 2009, en þá var greinin enn í lögunum. Fresturinn rann því út í samræmi við gildandi lög í lok árs 2009. Málshöfðunarfrestur sem þegar er runninn út í samræmi við gildandi lög getur ekki raknað við með afturvirkum hætti með því einu að fella ákvæði þar að lútandi úr lögum. Breytir engu í því sambandi þótt í 31. gr. laga nr. 68/2010 hafi verið kveðið á um að „ákvæði um brotfall“ tækju til atvika og háttsemi sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna jafnvel þótt málshöfðunarfrestur hafi þá verið liðinn. Með því er í raun verið að breyta eldri lögum með afturvirkum hætti. Slíkt stangast á við grundvallarreglur réttarríkisins og mannréttindi sem tryggð eru með meðal annars 72. gr. stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og sjónarmið um réttmætar væntingar. Ber því að sýkna stefndu af skaðabótakröfu stefnanda.

## V

Mál þetta varðar hvorar tveggja endurgreiðslukröfu stefnanda á hendur stefnda, þrotabúi Sáttis ehf., á láni því er veitt var 4. júní 2007 og er krafan byggð á 79. gr. laga nr. 138/1994 og skaðabótakröfu stefnanda á hendur öllum stefndu sem byggð er meðal annars á almennum reglum skaðabótaréttarins.

Kröfu um endurgreiðslu lánsins er beint til þb. Sáttis ehf. en Sáttur ehf. fékk lánið 4. júní 2007. Eigandi félagsins er stefndi Guðmundur Ólason og var hann jafnframt framkvæmdastjóri stefnanda. Stefndu halda því fram að lánveitingin hafi verið veitt til að fjármagna kaup á hlutafé í Öskum Capital sem var í eigu Milestone ehf.

Meginreglan er sú að óheimilt er að úthluta af fjármunum hlutafélags til hluthafa nema það fari fram eftir reglum um úthlutun arðs, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita, samanber 73. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Þá segir í 1. mgr. 79. gr. sömu laga að einkahlutafélagi sé hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi sé einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. máls. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taki þó ekki til venjulegra viðskiptalána. Með undanþáginni í lok ákvæðisins er samkvæmt lögskýringargögnum átt við venjuleg viðskiptalán t.d. greiðslukorta-viðskipti, eða lán til fyrirtækja sem eru hluthafar, ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin bæði í fyrirtækinu og almennt í slíkum fyrirtækjum. Ekki er fallist á að ætluð kaup Sáttis ehf. á hlutum í Öskum Capital falli undir nefnda undanþágu.

Í 2. mgr. 79. gr. laganna er enn kveðið á um bann við því að veita lán úr einkahlutafélagi en þar segir að einkahlutafélag megi ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er einkahlutafélag eða hlutafélag. Þá megi einkahlutafélag hvorki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup. Undanþága er síðan í lok ákvæðis 2. mgr. en þar segir að ákvæði 1.-2. másl. eigi ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá. Augljóst er af ákvæði þessu að undanþágan nái einungis til starfsmanna félagsins, þ.e. einstaklings, en það var lögaðili, þ.e. Sáttur ehf. sem fékk lánið.

Þá byggja stefndu á 7. mgr. 79. gr. laganna en þar segir að ákvæðum 1. og 2. mgr. 79. gr. verði ekki beitt um innlánsstofnanir eða aðrar fjármálastofnanir og byggja stefndu á því að til hafi staðið að skilgreina Milestone sem fjármálasamsteypu um leið og tilskipun Evrópusambandsins nr. 2002/87/EC yrði innleidd hér á landi. Hins vegar liggur hvorki fyrir að svo hafi verið gert né að Milestone hafi haft starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Því verður ekki byggt á þessu ákvæði.

Þá heldur stefndi því fram að lánveiting þessi hafi ekki valdið stefnanda tjóni, en málsástæða þessi er ósönnuð að hálfu stefnda.

Með vísun til þess sem að ofan greinir er fallist á það með stefnanda að Milestone ehf. hafi hinn 4. júní 2007 veitt lán sem var í andstöðu við 1. og 2. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög og ber stefnda, þb. Sáttis ehf., að endurgreiða lánið með dráttarvöxtum samanber 4. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög.

Í greinargerðum sínum gerðu stefndu, Karl Wernersson, Steingrímur Wernersson og Guðmundur Ólason í upphafi kröfu um frávísun málsins frá héraðsdómi og vísuðu til 110. gr. laga um einkahlutafélög. Mál Karls Wernerssonar var flutt um frávísunarkröfuna, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. desember 2011, í málinu nr. 614/2011. Varðandi þetta atriði segir svo í forsendum Hæstaréttar: „Nokkurs misræmis hefur gætt í dómaframkvæmd um hverju það varði að mál sé höfðað að liðnum málshöfðunarfresti samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og einkahlutafélög. Í dómum Hæstaréttar í máli nr. 52/1949, sem birtur er í dómasafni 1950 bls. 42, og máli nr. 18/1986, sem birtur er í dómasafni 1987 bls. 643, leiddi það til sýknu, en í dómi Hæstaréttar í máli nr. 9/2002, sem birtur er í dómasafni 2002 bls. 92, varðaði það frávísun. Ef frestur samkvæmt 110. gr. laga nr. 138/1994 eða hliðstæðu ákvæði í 136. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög leið án þess að félagið hefði uppi skaðabótakröfu á hendur stjórnarmanni var þess ekki kostur að gera slíka kröfu á öðrum vettvangi. Þessi frestur var því í reynd sérstakur fyrningarfrestur þar sem krafan féll niður í lok hans, enda var ekki unnt að hafa hana uppi á annan hátt. Í ljósi þessa verður að líta svo á að álitaefni um hvort

málshöfðunarfrestur þessi hafi verið liðinn við höfðun málsins sé atriði sem taka verður afstöðu til við efnisúrlausn þess, en geti ekki varðað frávísun málsins í heild eða hluta.“ Samkvæmt þessu er túlkun málshöfðunarfrests 110. gr. laga nr. 138/1994 um hlutafélög, efnisatriði sem taka ber afstöðu til við efnisúrlausn málsins. Því verður ágreiningur þessi tekinn til úrlausnar hér, þótt málsástæðna sé getið í greinargerðum undir umfjöllun um frávísun málsins, enda hefur ekki verið skorið efnislega úr ágreiningi þessum. Í kjölfar dómsins eða í þinghaldi 20. desember 2011 féllu stefndu allir frá kröfum sínum um frávísun málsins. Túlka verður þessa yfirlýsingu þeirra þannig, að ekki hafi verið fallið frá málsástæðum byggðum á málshöfðunarfresti samkvæmt 110. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Í kjölfarið lagði stefnandi fram bókun með málsástæðum er lúta að málshöfðunarfresti samkvæmt nefndri 110. gr. Af bókun þessari verður ekki annað ráðið en að afstaða stefnanda hafi einnig verið sú að umfjöllun um málshöfðunarfrestinn tilheyri efnisúrlausn málsins. Lögmenn stefndu mótmæltu strax í þinghaldinu málsástæðum stefnanda sem of seint fram komnum. Með vísan til 5. mgr. 101. gr. laga um meðferð einkamála er því hafnað að málsástæðurnar séu of seint fram komnar, þar sem ekki var tilefni af hálfu stefnanda til að hafa þær fyrir uppi, þar sem þetta var fyrsta þinghald eftir dóm Hæstaréttar í málinu nr. 614/2011.

Hið umdeilda lán var veitt 4. júní 2007. Því verður við ákvörðun skaðabóta að miða við þau lög er þá giltu. Í þágildandi b-lið 110. gr. einkahlutafélagalaganna er kveðið á um að skaðabótamál sem um ræðir í 1.-2. mgr. 109. gr. skuli höfða, nema krafan byggist á refsiverðum verknaði, gegn stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum, innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð. Ágreiningslaust er í málinu að ákvörðunin var tekin 4. júní 2007 og að málshöfðunarfresturinn leið í lok ársins 2009. Mál þetta var hins vegar ekki höfðað fyrir en með birtingu stefnu í nóvember 2010 eða nokkrum mánuðum eftir lok frestsins.

Með 28. gr. laga nr. 68/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.) var ákvæði 110. gr. laga um einkahlutafélag felld brott. Lögin öðluðust gildi 24. júní 2010, en samkvæmt 2. mgr. 31. gr. þeirra skyldu „ákvæði um brottfall“, þar á meðal brottfall 110. gr., taka til atvika og háttsemi sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna jafnvel þótt málsóknarfrestur hafi verið liðinn er þau tóku gildi. Stefnandi byggir á því í bókun sem lögð var fram 20. desember 2011 að „110. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, komi ekki til álita í málinu þegar af þeirri ástæðu að ákvæðið var fellt brott áður en mál þetta var höfðað“. Verður bókun þessi ekki skilin á annan hátt en þann að enginn málshöfðunarfrestur gildi um skaðabótakröfur stefnanda á

hendur stefndu á grundvelli laga nr. 138/1994.

Ákvæði 28. gr. nefndra laga kom inn sem breytingartillaga frá viðskiptanefnd og í nefndarálitum viðskiptanefndar kemur fram að verði breytingartillagan samþykkt takmarkist málshöfðanir vegna skaðabóta á grundvelli 134. og 135. gr. laga um hlutafélög og 108. og 109. gr. laga um einkahlutafélög af almennum reglum um tómlæti og fyrningu kröfuréttinda. Þá sé gert ráð fyrir því að ákvæðið sé afturvirk, sbr. breytingu nefndarinnar á 30. gr. frumvarpsins. Þá segir í nefndarálitinu að breytingin feli í sér að í stað þess að mál skuli höfðað innan tveggja ára frá því bótaskyld háttsemi átti sér stað gildi almennur fyrningarfrestur skaðabótakrafna, sem fer eftir því hvenær krafan er talin stofnast og hvort um hana gildi lög nr. 14/1905 eða 150/2007.

Atvikum málsins er hins vegar svo háttað að við gildistöku laga nr. 68/2010 hinn 24. júní 2010 voru um það bil sex mánuðir liðnir frá því að skaðabótakrafan stofnaðist 4. júní 2007, var fyrnd í árslok 2009, samanber þágildandi 110. gr. laga nr. 138/1994. Þessu réttarástandi var því lokið er nýju löggin tóku gildi. Krafan var því fyrnd við gildistöku laganna. Nýju löggin geta ekki verið afturvirk og lagt íþyngjandi byrgðar á stefndu. Stefndu máttu treysta því að ekki kæmi til skaðabótakrafna vegna lánveitingarinnar. Yrði krafan tekin til greina myndi það vera inngríp í eignarréttindi stefndu sem vernduð eru með 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Í annan stað byggir stefnandi á því að frestir samkvæmt 110. gr. laga 138/1994 eigi ekki við þar sem krafan byggist á refsiverðum verknaði en slík tilvik séu undanskilnin frestinum. Einnig að háttsemin sem málið byggir á falli a.m.k. undir atvikalýsingu refsíákvæðanna í 2. tl. 127. gr., sbr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Engar sannanir hafa verið lagðar fram af hálfu stefnanda því til stuðnings að um refsiverðan verknað hafi verið að ræða. Er málsástæða þessi því ósönnuð af hans hálfu sem leiðir til sýknu.

Með vísan til alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að skaðabótakrafa stefnanda á hendur stefndu sé fyrnd og eru stefndu því sýknaðir af þessari kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## DÓMSORÐ

Stefndi, þb. Sáttis ehf. greiði stefnanda, þb. Milestone ehf. 346.350 evrur, 419.229 svissneska franka, 28.046.557 japönsk jen og 134.445 bandaríkjadali, ásamt dráttarvöxtum skv. 79. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júní 2007 til greiðsludags.

Stefndu, Karl Wernersson, Steingrímur Wernersson og Guðmundur Ólason  
eru sýknaðir af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Sigrún Guðmundsdóttir (sign.)